

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 539/2000, um heimildir dýralækna til að ávísá lyfjum.

1. gr.

3. tölul. 9. gr. verður svohljóðandi:

3. Bólgueyðandi stungulýf sem ekki eru sterar (NSAID). Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er dýralækni, sem gert hefur þjónustusamning skv. 5. gr. reglugerðar nr. 353/2011 um aðbúnað og heilbrigði svína, heimilt að ávísá eiganda þess svínabús, sem samningurinn gildir fyrir, sliku lyfi til notkunar í vöðva í eftirfarandi tilvikum:
- til að draga úr verkjum eftir geldingu grísa og eftir klippingu skotta grísa, sbr. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 353/2011 um aðbúnað og heilbrigði svína og bráðabirgðaákvæði við sömu reglugerð, enda hafi dýraeigandi leyfi Matvælastofnunar til þessa,
 - við liðabólgu án sýkinga hjá svínum, og
 - sem bólgueyðandi og hitalækkandi stuðningsmeðferð í tengslum við lungnabólgu og gothita (MMA (mastitis, metritis, agalactia)) hjá svínum ásamt viðeigandi sýklalyfjameðferð.

Þá er dýralækni einnig heimilt að ávísá dýraeiganda slíku lyfi við verkjum í júgri minkalæðu eftir got og á mjólkurskeiði þeirra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr., sbr. 49. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 22. október 2012.

Guðbjartur Hannesson.

Vilborg Ingólfssdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. nóvember 2012